



3. fundur aðalstjórnar Umf. Selfoss

haldinn í Tíbrá miðvikudaginn 5. desember 2018 kl. 18:15.

Mætt eru: Viktor S. Pálsson (VSP) formaður, Dýrfinna Sigurjónsdóttir (DS), Sigrún Hreiðarsdóttir (SH), Ingibjörg Garðarsdóttir (IG), Helgi Sigurður Haraldsson (HSH), Þórir Haraldsson (ÞH), Sveinbjörn Másson (SM) varamaður fyrir Jón Steindór Sveinsson og Guðmundur Gústafsson (GG). Auk þess sátu fundinn Gissur Jónsson (GJ) framkvæmdastjóri sem ritar fundargerð og Aðalbjörg Skúladóttir (AS) bókari.

Forföll boðuðu: Hjalti Þorvarðarson, Sverrir Einarsson, Birgir Júlíus Sigursteinsson, Guðmundur Pálsson og Ófeigur Ágúst Leifsson.

Fjarverandi var: Árni Steinarsson.

Áður en gengið var til dagskrár tók Inga Heiða Heimisdóttir ljósmyndir af aðalstjórn og starfsmönnum aðalstjórnar. Líkt og venja er á aðventunni var boðið var upp á léttar veitingar á fundinum.

1. Fundargerðir framkvæmdastjórnar

4. fundargerð framkvæmdastjórnar frá 15. október til umræðu.
Engar athugasemdir.

5. fundargerð framkvæmdastjórnar frá 7. nóvember til umræðu.

Varðandi 5. lið ræðir HSH um mikilvægi þess að farið sé eftir reglum Umf. Selfoss um fjáraflanir. ÞH telur að rétt sé að leggja fyrir aðalfund Umf. Selfoss viðmið um æfinga- og keppnisferðir. Aðalstjórn telur afar mikilvægt að foreldrum séu kynntar hugmyndir að keppnisferðum á undan iðkendum. Endanlega ákvörðun verður að taka í stjórn deilda og bókun að liggja fyrir í fundargerð stjórnar.

2. Fundargerð vallarstjórnar

Fundargerð haustfundar vallarstjórnar frá 4. desember til kynningar.

Samþykkt að skipa Hjalta Þorvarðarsonar formann vallarstjórnar.

3. Úthlutun styrkja

Framkvæmdastjórn falið að ljúka við úthlutun styrkja úr afrekssjóði Umf. Selfoss og Sv. Árborgar í samræmi við reglugerð og vinnulag við úthlutun undanfarinni ára.

Reglugerð liggur fyrir vegna úthlutunar á styrk vegna starfsmanna deilda og er greitt mánaðarlega í samræmi við hana.

Tillaga að úthlutun á barna- og unglíngastyrk frá Sv. Árborg og fjármunum úr Lottó samþykkt.

Framkvæmdastjórn falið að ljúka við úthlutun styrkja vegna æfinga utan héraðs frá Sv. Árborg í samræmi við úthlutun undanfarinni ára.

Samþykkt úthlutun á styrk til reksturs meistaraflokka frá Sv. Árborg. Fyrir árið 2018 skal greiða 45% til handknattleiks- og knattspyrnudeildar og 10% til frjálsíþróttadeildar. Vísa til framkvæmdastjórnar að útbúa, fyrir næsta fund framkvæmdastjórnar, reglugerð sem verður leiðbeinandi við úthlutun á styrk til reksturs meistaraflokka. Einnig skal leggja fram greiningu á kostnaði seinasta árs.

4. Verðlaunahátíð Umf. Selfoss

Verðlaunahátíð Umf. Selfoss verður haldin mánudaginn 17. desember klukkan 20:00.

5. Aðalfundur Umf. Selfoss

Lögð fram tillaga að halda aðalfund Umf. Selfoss fimmtudaginn 28. mars. Aðalstjórn telur það of snemmt og felur framkvæmdastjórn að ákveða endanlega dagsetningu.

Formaður fær heimild til að skipa uppstillingarnefnd fyrir aðalfund ef þurfa þykir.

6. Skipurit Umf. Selfoss

Ræddar hugmyndir um mögulega breytingu á skipurit Umf. Selfoss og skipulegi deilda félagsins, þjónustu sem félagið sinnir gagnvart deildum og vinnuferlar m.a. við innheimtu æfingagjalda.

HSH fór yfir hversu miklu máli skiptir að skýrt liggi fyrir hverjir stýra og taka ákvarðanir innan félagsins alls. Jafnframt er mikilvægt að hlutverk starfsmanna sé á hreinu. Þannig verða að vera hægt að ganga að verkaskiptingu innan félagsins.

SM fór stuttlega yfir skipulag knattspyrnudeildar þar sem lögð er áhersla á að í sínum daglegu störfum dragi starfsmenn deildarinnar úr álagi á sjálfboðaliða.

ÞH fór yfir umfangsmikið starf sjálfboðaliða sem oft á tíðum eru að drukkna í vinnu, m.a. út af praktískum atriðum í tengslum við stærri verkefni eins og Evrópukeppni svo dæmi sé tekið. Félagið þarf að huga að breytingu á innri strúktúr þar sem horfa má til stærri félaga í kringum okkur.

SM telur ekki mega líta á það sem náttúrulögmál að starf sjálfboðaliða fari minnkandi en sporna þurfi við með því að skilgreina verkefni betur.

Þjónustusamningur við sveitarfélög iðkenda hjá Umf. Selfoss

ÞH reifaði möguleika á því að skilgreina betur þá þjónustu sem félagið veitir samfélaginu.

Aðalstjórn vill skoða að fara í nýja stefnumótun fyrir félagið.

Fundi slitið klukkan 20:02.